



## Fundargerð – 580. stjórnarfundur Kólku

Fundur í stjórn Kólku sf. var haldinn þriðjudaginn 12. Maí 2026, kl. 16:30 í fundarsal á Park inn í Keflavík.

**Mætt:** Önundur Jónasson, Ingþór Guðmundsson, Svavar Grétarsson, Eiður Ævarsson og Eva Rún Barðadóttir sem ritaði fundargerð.

### Dagskrá:

1. Skýrsla framkvæmdastjóra
2. Baksýnispegill stjórnar – vegferðin á kjörtímabilinu sem er að líða og að hluta á þarsíðasta. Framtíðarpælingar í ljósi sögunnar.
3. Önnur mál.

#### 1. Skýrsla framkvæmdastjóra

Farið var yfir skýrslu framkvæmdastjóra. Stutt yfirferð á öryggismálum, starfsmannamálum, brennsluna í apríl, útboð í nýbygginguna, IFAT ráðstefnuna um nýjar lausnir og vélar og Þjóðarbrennsluna og stöðu þess verkefnis.

#### 2. Baksýnispegill stjórnar

Núverandi stjórn hóf störf í ágúst 2022 og var farið aðeins í saumana á hvað hefur gerst samkvæmt lögum síðan þá þ.m.t. þá voru grenndarstöðvar opnaðar 2021 og fjögur flokka söfnun frá heimilum hófst 2024. Farið var yfir mönnun í Helguvík og séð að starfsmannaveltan er sáralítill og fólk að koma aftur. Stuttlega kíkt á rekstrartölur 2018 - 2025. Tekin dæmi um ný eða aukin verkefni t.d. Móttaka á garðaúrgangi, þjónusta við grenndarstöðvar og hert öryggismál og fræðsla. Mikill framgangur í kerfismálum til dæmis með Vigtarkerfið sem hefur skilað af sér tímasparnaði hjá starfsfólki og tekið allan biðtíma af gagnavinnslu. Miklar breytingar hafa verið gerðar á aðstöðunni í Helguvík með góðri útkomu.

#### 3. Önnur mál

Framkvæmdastjóri var með eitt annað mál á dagskrá.

Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum og honum slitið kl. 18.00.  
Næsti fundur er verður boðaður með venjulegum fyrirvara.

Fundargerð samþykkt með rafrænni undirritun.

---

Önundur Jónasson

---

Svavar Grétarsson

---

Eiður Ævarsson

---

Ingbór Guðmundsson

---

Eva Rún Barðadóttir

---

Steinþór Þórðarson